

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti með áorðnum breytingum nr. 84, 22. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 19. maí 1994.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.
SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð um hjónin Sverri Magnússon og
Ingibjörgu Sigurjónsdóttur.**

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Minningarsjóður um hjónin Sverri Magnússon (f. 24. júní 1909, d. 22. júní 1990) og Ingibjörgu Sigurjónsdóttur (f. 17. desember 1914, d. 16. júlí 1985), stofnendur Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar“. Heimili sjóðsins er í Hafnarfirði.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 1. júní 1993 að frumkvæði eftirtaldra aðila: Árna Grétars Finnssonar, Einars I. Halldórssonar, Ellerts Borgars Þorvaldssonar, Sveins Guðbjartssonar og Þórs Gunnarssonar, sem í gjafabréfi nefna sig „Áhugamenn um áframhaldandi öflugt starf í HAFNARBORG“. Auk þeirra veittu eftirtaldir aðilar fjárhagslegan stuðning við sjóðsmyndunina: Almar Grímsson, Delta hf., Eldborg, Fjarðarkaup, Hraunborg, Hvalur hf., Íslandsbanki í Hafnarfirði, Pharmaco hf. og Sparisjóður Hafnarfjarðar.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita táknræna viðurkenningu til þess eða þeirra Hafnfirðinga, sem vakið hafa verðskuldaða athygli á sviði lista og menningar. Viðurkenning þessi skal afhent 1. júní ár hvert við athöfn er stjórn Hafnarborgar efni til í minningu hjónanna og nefna skal „SVERRISDAG“.

4. gr.

Höfuðstóll minningarsjóðsins er kr. 565.000 (fimm hundruð sextíu og fimm þúsund krónur). Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast og leggjast við höfuðstól. Stjórn sjóðsins skal ávaxta eignir hans í lánastofnunum með sem hagstæðustum kjörum.

5. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni er heimilt að nota sem svarar $\frac{2}{3}$ hlutum ávöxtunarfjár til viðurkenningar skv. 3. gr. en $\frac{1}{3}$ hluti leggjast við

höfuðstólinn. Breyta má þessum hlutföllum ef meirihluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

6. gr.

Samkvæmt gjafabréfinu er stjórn minningarsjóðsins í höndum stjórnar Hafnarborgar og skal hún tilnefna eða auglýsa eftir tilnefningum vegna úthlutunar viðurkenningarinnar. Stjórnin tilnefni einnig þann listamann er hanni viðurkenningargripinn hverju sinni.

7. gr.

Reikningar minningarsjóðsins er almanaksárið. Forstöðumaður Hafnarborgar innir af hendi allar greiðslur af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi sjóðsins innan tveggja mánaða frá lokun hvers reikningsárs og skal reikningurinn endurskoðaður af sömu aðilum og ársreikningar Hafnarborgar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana texta gjafabréfsins, skipulagsskrána, úthlutun viðurkenninga, fundasamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna enda liggja fyrir einróma samþykki stjórnar. Ef til þess kemur að sjóðurinn verði lagður niður renna eignir hans til Hafnarborgar og er þá stjórnar að ákveða hvernig þeim yrði ráðstafað.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. maí 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Stanley Carter.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Stanley Carter. Hann er stofnaður af vinum og samstarfsmönnum á Íslandi til heiðurs honum á 80 ára afmæli hans, 22. nóvember 1992.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Hagkaups hf. að fjárhæð kr. 920.000,00. Stofnfé má ekki skerða.